

AUGLÝSING
um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.

Hinn 22. október 2009 var undirritað í London samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010. Alþingi hafði hinn 18. maí 2010, með þingsályktun nr. 13/138, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2010.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.**

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Evrópubandalaginu, Færeyjum, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2010 allt að 6.388 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:
 - A. 64°00'N – 09°00'V
 - B. 67°00'N – 09°00'V
 - C. 69°25'N – 13°00'V
2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 22. október 2009.

Fyrir hönd
sendinefndar Íslands:

Hrefna Karlsdóttir

Fyrir hönd sendinefndar
Rússneska sambandsríkisins:

Sergey Belikov

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation
on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2010

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the European Community, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2010, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2010 to take up to 6.388 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:
 - A. 64°00'N – 09°00'W
 - B. 67°00'N – 09°00'W
 - C. 69°25'N – 13°00'W
2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 22 October 2009

For the Delegation
of Iceland

Hrefna KARLSDÓTTIR

For the Delegation
of the Russian Federation

Sergey BELIKOV

—————
C-deild – Útgáfudagur: 22. mars 2023